

# Strætó

Ársreikningur 31. desember 2022



Strætó bs.  
kt. 500501-3160  
Hesthás 14  
110 Reykjavík

# Strætó

## Ársreikningur 31. desember 2022

### Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	7
Rekstrarreikningur.....	9
Efnahagsreikningur.....	10
Sjóðstreymisyfirlit.....	12
Skýringar.....	13
Viðauki -óendurskoðaður :	
Stjórnarháttaryfirlýsing.....	19

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Rekstur og afkoma 2022

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

Í upphafi árs sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

## Rekstur ársins 2022

Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 834 m.kr. (2021: 439 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 242 m.kr. Lakari afkoma skýrist af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má til vaxandi verðbólgu, olíuverðhækkunn, kjarasamningsbundnum launahækkunum og styttingu vinnuvikunnar. Eigið fé er í lok árs um 9,8 m.kr. og eiginfjárlutfall félagsins 0,3% (2021: 26%). Handbært fé nam 539 m.kr (2021: 466 m.kr.). Um 400 m.kr. af því fé er þó ekki hluti af fé til notkunar í daglegum rekstri heldur sérstaklega eyrnamerkt rafvagnakaupum. Heimsfaraldur kórónaveiru, aukin verðbólga og olíuverðs- og launahækkanir hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og hefur því fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. í október 2022. Einnig samþykktu eigendur í nóvember 2022 að auka rekstrarframlag um 520 m.kr. vegna ársins 2023. Með þessu er rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi tryggt en þó einungis til skamms tíma. Styrkja þarf fjárhag félagsins til framtíðar og þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn, ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni tengdum eflingu almenningssamgangna s.s. Borgarlínu.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, aukin umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið endurnýjaður og gildir til ársins 2034.

Kynjahlutfall er í samræmi við lagakröfur sem segja að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn skuli tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.

Strætó innleiddi nýtt, rafrænt greiðsluferfi í lok árs 2021 sem fengið hefur nafnið Klappið. Fyrirmynd nýja greiðsluferfisins er þekkt í almenningssamgöngum víða um heim, þar sem pappaspjöld, kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Nokkrir tæknilegir örðugleikar urðu á virkni skannanna fyrri hluta árs 2022 en þegar líða fór á árið tókst að koma í veg fyrir þá. Í lok árs voru rúmlega 33.000 fargjalda skannanir á degi hverjum. Framundan er enn frekari þróun á Klappinu þar sem meðal annars verða teknar upp svokallaðar snertilausar greiðslur og greiðsluþak. Gera má ráð fyrir að þessar lausnir auðveldi viðskiptavinum, sérstaklega ferðamönnum og þeim sem sjaldan nota Strætó, töluvert að greiða fargjaldið.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Áhættupættir

Strætó stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfsemi og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring felst í greiningu, mælingu og aðgerðum til að takmarka áhættu og stöðuga vöktun áhættupátta.

Helstu áhættupættir félagsins eru lausafjár- og markaðsáhætta. Fargjaldatekjur drógust verulega saman á tímum heimsfaraldurs Covid-19 en eftir að öllum takmörkunum var aflétt í febrúar 2022 hafa bæði tekjur og innstig aukist. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist auk þess sem vaxandi verðbólga, aukinn olíukostnaður og stríð í Úkraínu hefur haft umtalsverð áhrif. Rekstrarfé frá eigendum og viðskiptavinum hefur ekki nægt til að fjármagna endurnýjun vagna þrátt fyrir aukið fé frá eigendum á síðari hluta ársins. Félagið hefur því fengið lán af markaði til að fjárfesta í níu litlum rafvögnum sem væntanlegir eru um mitt ár 2023. Skuldsetning félagsins í hlutfalli við eigið fé hefur aukist og óráðstafað eigið fé félagsins dregist verulega saman og stofnframlag eigenda því rýrnað sem því nemur.

Markaðsáhætta eru þeir þættir sem geta haft áhrif á fjárhagslegan styrk Stætó og er þar helst um að ræða gjaldeyrisveiflur og verðlagsþróun grunnþátta rekstrar. Óvissuástand það sem ríkir vegna stríðs í Úkraínu hefur, eins og getið var um áður, valdið verulegri hækkun grunnþátta um ófyrirséða nánustu framtíð.

## Stjórnarhættir

Um stjórnarhætti félagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Samkvæmt eigendastefnu Strætó eiga stjórnarhættir að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar, sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna félagsins.

Stjórn Strætó er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi. Fulltrúinn skal vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formenska skiptast milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er 2 ár.

Stjórn Strætó fer með æðsta vald félagsins og eru meginskyldur stjórnar að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi félagsins. Hlutverk og skyldur stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem byggðar eru á stofnsamningi og eigendastefnu félagsins. Stjórn Strætó ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur.

Stjórnarháttum Strætó er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikning. Stjórnarháttayfirlýsingin er gerð í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja 6. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland í 1. júlí 2021.

## Umhverfis,- samfélags og starfsmannamál

Strætó er þjónustufyrirtæki sem skal á hverjum tíma miðast við að lágmarka kostnað eigenda og samfélagsins við úrlausn þeirra verkefna sem fyrirtækinu er falið að inna af hendi, að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem sett eru í þjónustu- og umhverfisstefnu þess. Strætó vill vera til fyrirmyndar og stuðla að aukinni notkun vistvænna ferðamáta almennings.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Í umhverfisstefnu Strætó kemur fram að félagið vill vera til fyrirmyndar og leiðandi í umhverfismálum sem og umhverfisvernd og skuldbindur sig til þess að draga úr, beinum og óbeinum, neikvæðum áhrifum starfseminnar á umhverfið. Strætó fylgir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og leitast við að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að fjárfesta í umhverfisvænum vögnum, s.s. rafmagns-,vetnis- og metanvögnum sem og fjármagna sig með grænni fjármögnun þegar svo ber við. Strætó stefnir á að verða kolefnislaus árið 2030 samkvæmt stefnumótun 2020.

Strætó hefur valið þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem félagið leggur megináherslu á. Markmiðin sem unnið er sérstaklega að eru markmið 11, sjálfbærar borgir og samfélög, markmið 12, ábyrg neysla og framleiðsla og markmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum. Stefnt er á innleiðingu fleiri heimsmarkmiða SP á næstu misserum.

Strætó hefur sett sér eftirtalin gildi: Áreiðanleiki, við erum á réttum stað á réttum tíma, erum hagsýn og ábyrg í okkar störfum. Drifkraftur, erum frumkvæðamiðuð og höfum kjark og þor til að taka ákvarðanir og leysa mál hratt og vel. Samvinna, bæði innan fyrirtækis og gagnvart viðskiptavinum, eigendum og samstarfsfélögum.

Í október 2019 fékk Strætó jafnlaunavottun sem segir að fyrirtækið uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Í október 2022 hlaut Strætó endurvottun á jafnlaunakerfinu. Launagreiningar eru framkvæmdar reglulega á hverju ári þar sem leitast er eftir því að minnka launamun innan starfahópa félagsins. Launamunur grunnlauna karla og kvenna 2022 er 0,4% þar sem hallar á konur, þ.e. karlarnir eru hærri.

Í mannauðsstefnu leggur Strætó áherslu á að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins. Sýni drifkraft í störfum sínum með frumkvæði, kjark og þor að leiðarljósi. Vinni vel saman að hagsmunum og framtíðarsýn Strætó og myndi þannig sterka liðsheild. Skapi traust þeirra sem reiða sig á þjónustu Strætó og sýni áreiðanleika og ábyrgð í verki.

Strætó er þátttakandi í evrópsku samstarfsverkefni um þjálfun og fræðslu starfsfólks í almenningssamgöngum. Tilgangurinn er að þjálfanúverandi og framtíðarstarfsfólk almenningssamgangna til að takast á við krefjandi verkefni í daglegu lífi og störfum. Í þjálfuninni verður beitt ólíkum og nýstárlegum kennsluaðferðum þar sem blandað verður saman einstaklingsnámi, námi á netinu, hópavinnu og vinnusmiðjum auk þess sem sýndarveruleiki verður notaður. Sýndarveruleikinn gefur starfsfólki tækifæri til að nýta þekkingu strax í aðstæðum sem líkjast mjög raunverulegum aðstæðum. Verkefninu lýkur á vormánuðum 2023 með fullbúinni afurð til notkunar í þjálfun og fræðslu.

Strætó leggur ríka áherslu á þjónustu við viðskiptavini. Á haustmánuðum 2022 var farið í ítarlega þjónustugreiningu þar sem ferðalag viðskiptavinarins var kortlagt. Markmið greiningarinnar var að skoða styrkleika þjónustunnar og hvað mætti betur fara. Niðurstöður greiningarinnar gaf skýra mynd af stöðu þjónustu Strætó. Fjöldmörg tækifæri hafa skapast til umbóta og verður unnið að verkefnum þeim tengdum næstu misseri.

Í siðareglum stjórnar skal kjörinn fulltrúi forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilegar fyrirgreiðslur eða mútur. Misferlishnappur er til staðar á heimasíðu Strætó þar sem tekið er við ábendingum sem gætu varðað innri endurskoðun sem varða misferli starfsmanna eða stjórnar.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi Strætó árið 2022 einkenndist af margvíslegum áskorunum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19, vaxandi verðbólgu og stríðs í Úkraínu. Áskoranir fólust einna helst í því að finna jafnvægi milli þess að tryggja fjárhagslega starfsemi Strætó, veita góða þjónustu og sjá til þess að heilsa og öryggi starfsfólks sé í fyrirrúmi.

Strætó hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum fyrirtækisins. Mikil vinna átti sér stað á árinu 2022 til að greina og kortleggja allar persónuupplýsingar, útbúa vinnsluskrá, móta ferla og tryggja öryggi allra þeirra persónuupplýsinga sem Strætó vinnur með, jafnt frá viðskiptavinum og starfsfólki.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó fyrir árið 2022.

Reykjavík, 17.mars 2023

### Stjórn:

Magnús Örn Guðmundsson, stjórnarformaður, Seltjarnarnes

Alexandra Briem, varaformaður, Reykjavíkurborg

Andri Steinn Hilmarsson, Kópavogur

Kristín Thoroddsen, Hafnarfjörður

Hrannar Bragi Eyjólfsson, Garðabær

Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbær

### Framkvæmdastjóri:

Jóhannes Svavar Rúnarsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Strætó bs.

## Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Strætó bs. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Áframhaldandi rekstrarhæfi

Handbært fé frá rekstri hefur verið neikvætt undanfarin misseri eftir mikið tekjufall sökum faraldur kórónaveiru og hækkandi verð á aðföngum og aðkeyptum akstri umfram tekjur. Tapreksturinn hefur verið fjármagnaður með auknum framlögum frá eigendum og nýjum lánveitingum. Fjárhagsstaða félagsins er því slæm og þannig óvissa um rekstrarhæfi félagsins til framtíðar miðað við óbreyttan rekstur. Ársreikningurinn er gerður á grunni áframhaldandi rekstrarhæfi en greint er frá óvissunni í skýringu 17 á bls. 18 í ársreikningi og bls. 3 í skýrslu stjórnar.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka m.a til skýrslu stjórnar og ófjárhagslegra upplýsinga sem fylgir ársreikningi sem og upplýsinga í ársskýrslu. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni þessara upplýsinga og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort slíkar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim sé að finna verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglegra tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.  
Reykjavík, 17. mars 2023

Sturla Jónsson  
löggiltur endurskoðandi



# Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		2022	2021	2022
<b>Rekstrartekjur</b>				
Fargjöld .....		1.732.831	1.420.696	1.847.463
Rekstrarframlög eignaraðila .....	3	5.098.067	4.486.714	4.586.616
Ríkisframlag .....	15	906.000	1.026.000	909.500
Pant akstursþjónusta.....	4	1.437.396	1.317.891	1.338.565
Aðrar tekjur .....	5	391.984	351.778	398.706
Rekstrartekjur samtals		<u>9.566.278</u>	<u>8.603.079</u>	<u>9.080.850</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	6	3.063.792	2.824.658	3.118.550
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur .....	7	4.522.683	4.020.655	3.859.973
Pant akstursþjónusta.....	4	1.437.396	1.317.891	1.338.565
Annar rekstrarkostnaður .....	8	908.367	552.132	618.940
Rekstrargjöld samtals		<u>9.932.238</u>	<u>8.715.336</u>	<u>8.936.028</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....</b>		<u>( 365.960)</u>	<u>( 112.257)</u>	<u>144.822</u>
Afskriftir .....	9	318.659	251.247	283.678
<b>Rekstrarniðurstaða (EBIT).....</b>		<u>( 684.619)</u>	<u>( 363.504)</u>	<u>( 138.856)</u>
Vaxtatekjur.....		9.687	446	1.375
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		( 158.860)	( 76.075)	( 105.037)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>( 149.173)</u>	<u>( 75.629)</u>	<u>( 103.662)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>( 833.792)</u></u>	<u><u>( 439.132)</u></u>	<u><u>( 242.518)</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12 2022	31.12 2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir fastafjármunir:	9		
Strætisvagnar og önnur ökutæki .....		1.207.097	1.430.772
Innréttingar, áhöld og tæki.....		53.506	59.227
Hugbúnaður.....		299.990	292.975
		<u>1.560.594</u>	<u>1.782.973</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	614.182	642.065
		<u>614.182</u>	<u>642.065</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.174.776</u>	<u>2.425.039</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	11	120.581	104.174
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	12	62.761	34.464
Kröfur á tengda aðila.....		165.891	136.614
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	27.883	27.883
Aðrar skammtímakröfur .....		62.308	66.686
Handbært fé.....		539.236	465.764
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>978.660</u>	<u>835.584</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.153.436</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12 2022	31.12 2021
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Framlag eigenda .....		900.018	900.018
Ójafnað tap.....		( 890.261)	( 56.467)
<b>Eigið fé samtals</b>	13	<u>9.756</u>	<u>843.551</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....		1.643.882	1.255.532
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	14	<u>1.643.882</u>	<u>1.255.532</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		659.732	622.340
Næsta árs afborganir langtímalána.....	14	107.729	90.727
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		11.099	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	18	721.238	448.472
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>1.499.799</u>	<u>1.161.539</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.143.680</u>	<u>2.417.071</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.153.436</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		( 833.792)	( 439.132)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	318.659	251.247
Verðbætur og gengismunur .....		96.110	49.260
		<u>          </u>	<u>          </u>
		( 419.023)	( 138.626)
<b>Veltufé (til) reksturs</b>			
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		( 16.407)	( 3.178)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 53.197)	40.221
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		321.257	173.129
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting .....		27.883	27.883
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		<u>279.535</u>	<u>238.056</u>
		<u>          </u>	<u>          </u>
		( 139.487)	99.430
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9	( 96.279)	( 270.746)
		<u>          </u>	<u>          </u>
		( 96.279)	( 270.746)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....	14	( 90.762)	( 39.436)
Tekin ný langtímalán .....		400.000	300.000
		<u>309.238</u>	<u>260.564</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		73.472	89.248
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>465.764</u>	<u>376.515</u>
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>539.236</u>	<u>465.764</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Lögheimili samlagsins er að Hesthálsi 14, 110 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. Kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerðir eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessara er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlegar tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Uppjör við Brú lífeyrissjóð

Uppjör við Brú lífeyrissjóð var tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, samanber lög nr. 127/2016. Skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1. janúar 2019 að telja.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

# Skýringar með ársreikningi

## Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru almennt færðar þegar þjónusta hefur átt sér stað og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### 3. Rekstrarframlög eignaraðila

	2022	2021
Rekstarframlag eigenda í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ....	4.684.068	4.058.650
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja .....	100.885	119.820
Niðurgreiðsla nemakorta .....	313.114	308.243
	<u>5.098.067</u>	<u>4.486.714</u>

	Rekstrar- framlag	Niðurgreiðsla fatlaðra og aldraðra	Niðurgreiðsla nemakorta	Samtals
Reykjavíkurborg.....	2.870.379	61.151	222.315	3.153.844
Kópavogsbær.....	663.760	14.981	36.939	715.680
Hafnarfjarðarbær.....	458.793	10.002	27.515	496.309
Garðabær.....	352.301	7.556	11.594	371.451
Mosfellsbær.....	252.900	5.362	8.243	266.505
Seltjarnarnesbær.....	85.937	1.834	6.508	94.278
	<u>4.684.069</u>	<u>100.885</u>	<u>313.114</u>	<u>5.098.067</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

## Skýringar með ársreikningi

### 4. Pant akstursþjónusta

	2022	2021
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga .....	1.332.249	1.225.350
Fargjöld notenda .....	105.146	92.540
	<u>1.437.396</u>	<u>1.317.891</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur .....	1.435.523	1.315.919
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri .....	1.872	1.972
	<u>1.437.396</u>	<u>1.317.891</u>

Pant akstursþjónusta er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða. Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur beinn kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

### 5. Aðrar tekjur

	2022	2021
Þóknun - Pant akstursþjónusta .....	185.158	171.663
Þóknun - landsbyggðin .....	101.352	101.332
Aðrar tekjur .....	105.474	78.783
	<u>391.984</u>	<u>351.778</u>

### 6. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun .....	2.481.185	2.264.439
Launatengd gjöld .....	571.407	530.348
Breyting á áunnu, ógreiddu orlofi .....	13.072	29.872
	<u>3.065.664</u>	<u>2.824.658</u>

Fjöldi stöðugilda að meðaltali .....

	289	283
--	-----	-----

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 38,7 m.kr. á árinu (2021: 39,1 m.kr) ). Í lok ársins störfuðu 285 starfsmenn hjá Strætó bs.

### 7. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur

	2022	2021
Aðkeyptur akstur .....	3.661.729	3.317.700
Viðhalds og viðgerðakostnaður .....	266.216	195.491
Orkugjafir .....	407.522	303.223
Annar rekstrarkostnaður vagna .....	187.216	204.242
	<u>4.522.683</u>	<u>4.020.655</u>

### 8. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Skrifstofu- stjórnunarkostnaður .....	519.805	238.207
Sölu og kynningarkostnaður .....	54.284	63.111
Rekstur tölvubúnaðar .....	185.507	110.766
Húsnæðiskostnaður .....	148.772	140.049
	<u>908.367</u>	<u>552.132</u>

Þóknun til endurskoðenda ársreiknings félagsins nam kr 3,4 og innri endurskoðenda 1,6 m.kr.

# Skýringar með ársreikningi

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrningnum ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakverði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2022 .....	3.686.887	381.075	394.502	4.462.464
Afskrifað áður .....	( 2.256.115)	( 321.848)	( 101.528)	( 2.679.491)
Bókfært verð 1.1.2022 .....	1.430.772	59.227	292.975	1.782.973
Viðbót .....	8.500	26.906	60.873	96.279
Afskrift .....	( 232.175)	( 32.626)	( 53.858)	( 318.659)
Bókfært verð 31.12.2022 .....	1.207.097	53.506	299.990	1.560.594
Afskriftahlutföll .....	8-13%	10-33%	14-20%	

Vátryggingarverð tækja og áhalda nam 302 m.kr. í lok árs.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna og annara ökutækja er samtals um 2.170 m.kr.

## 10. Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs

Á árinu 2018 greiddi Strætó bs. samtals 1035,9 m.kr. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt var á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Samkvæmt samkomulagi Strætó bs. við Brú lífeyrissjóð er framlagið

- 238,1 m.kr. framlag í jafnvæggissjóð, gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 720,3 m.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð, gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 77,5 m.kr. framlag í varúðasjóð, gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017

Staða í byrjun árs .....	669.948
Gjaldfært á árinu .....	( 27.883)
	642.065
Næsta árs gjaldfærsla .....	( 27.883)
	614.182



# Skýringar með ársreikningi

## 11. Birgðir

	31.12 2022	31.12 2021
Olía .....	17.558	11.475
Varahlutir .....	103.023	92.699
	<u>120.581</u>	<u>104.174</u>
Vátryggingaverðmæti birgða .....	129.659	117.421

## 12. Viðskiptakröfur

	31.12 2022	31.12 2021
Viðskiptakröfur .....	36.052	13.460
Viðskiptakröfur - Pant akstursþjónusta .....	28.810	23.103
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 2.100)	( 2.100)
	<u>62.761</u>	<u>34.464</u>

## 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 .....		( 56.467)	( 56.467)
Rekstrarniðurstaða ársins .....		( 833.792)	( 833.792)
Stofnframlag .....	900.018		900.018
Staða 31/12 .....	<u>900.018</u>	<u>( 890.259)</u>	<u>9.763 k</u>

## 14. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytingu eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í á lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs .....	1.046.259	300.000	1.346.259
Viðbót ársins .....		400.000	400.000
Afborgun ársins .....	( 43.058)	( 47.704)	( 90.762)
Verðbætur og afföll ársins .....	96.113	0	96.113
	<u>1.099.314</u>	<u>652.296</u>	<u>1.751.611</u>
Næsta árs afbrogun .....	( 45.942)	( 61.787)	( 107.729)
	<u>1.053.372</u>	<u>590.509</u>	<u>1.643.882</u>

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Árið 2024 .....	107.729
Árið 2025 .....	108.255
Árið 2026 .....	108.795
Árið 2027 .....	109.348
Árið 2028 .....	253.278
Síðar .....	<u>1.064.205</u>
	<u>1.751.611</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 15. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

## 16. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 17. Áframhaldandi rekstrarhæfi

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Þá hefur árið 2022 verið félaginu erfitt sökum hækkandi kostnaðar á aðföngum umfram hækkun tekna, langt umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. í október 2022 sem viðbótar rekstrarframlag. Einnig samþykktu eigendur í nóvember 2022 að auka rekstrarframlag um 520 m.kr. miðað við upphaflegar áætlanir vegna ársins 2023.

Áframhaldandi rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi hefur verið tryggt með auknu rekstrarframlagi eigenda á árinu 2023. Þá bera eigendur beina ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Nú stendur yfir vinna á vettvangi fjármálastjóra sveitarfélaganna að greina fjárhagsþörf Strætó til framtíðar.

## 18. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldfærð hefur verið 322 m.kr. vegna framangreinds máls, þar af 247 m.kr. árið 2022 sem fært er meðal annars rekstrarkostnaðar. Niðurstöðu dóms hefur verið áfryjað til Landsréttar.

# Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Góðir stjórnarhættir Strætó eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstri. Stjórn Strætó birtir hér yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2022. Stjórnarhættir vísa til hlutverks og ábyrgðar stjórnar og stjórnenda og því hvernig ákvörðunartaka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur.

## Hlutverk Strætó

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

## Stjórnskipulag Strætó bs.

Strætó er byggðasamlag og í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes.

Stjórn Strætó fer með æðsta vald félagsins samkvæmt lögum, reglum og samþykktum. Meginskyldur stjórnar er að sinna eftirlitshlutverki með starfsemi félagsins. Hlutverk og skyldur stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem byggðar eru á stofnsamningi og eigendastefnu félagsins.

Í stjórn Strætó sitja sex fulltrúar sem kosnir eru af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna til tveggja ára í senn. Jafnframt eru kosnir sex varafulltrúar til jafnlangs tíma. Stjórnarmenn og varafulltrúar þeirra skulu uppfylla hæfiskröfur sveitarstjórnarlaga. Fulltrúar sveitarfélaganna skiptast á að gegna formennsku stjórnar, tvö ár í senn.

Stjórn Strætó ræður framkvæmdastjóra sem fer með daglegan rekstur í samræmi við þá stefnu sem hún setur. Hlutverk og skyldur framkvæmdastjóra eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar, framkvæmdastjóri Strætó er Jóhannes Svavar Rúnarsson. Stjórnin setur félaginu markmið og heildarstefnu og framtíðarsýn í samræmi við eigendastefnu og skilgreinir í henni mælikvarða í rekstri félagsins. Stefnan skal í það minnsta fela í sér markmið í umhverfismálum, jafnréttis- og starfsmannamálum.

Stjórnarfundir skal halda svo oft sem þörf krefur, en stefnt skal að því að þeir verði ekki haldnir sjaldnar en mánaðarlega. Í upphafi hvers árs skal lögð fram starfsáætlun sem hefur að geyma áætlun fyrir reglubundna stjórnarfundir ársins. Á árinu 2022 voru haldnir 14 stjórnarfundir. Fundargerðir stjórnarfunda má nálgast á heimasíðu Strætó.

Stjórn framkvæmir árlega árangursmat þar sem lagt er mat á störf stjórnar, verklag og starfshætti. Árangursmat stjórnar fór fram í febrúar 2022.

## Stjórn

Magnús Örn Guðmundsson, formaður stjórnar, Seltjarnarnes

Alexandra Briem, varaformaður stjórnar, Reykjavíkurborg

Andri Steinn Hilmarsson, stjórnarmaður, Kópavogur

Kristín Thoroddsen, stjórnarmaður, Hafnarfjörður

Hrannar Bragi Eyjólfsson, stjórnarmaður, Garðabær

Lovísa Jónsdóttir, stjórnarmaður, Mosfellsbær

# Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Varamenn:

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík

Sigvaldi Egill Lárusson, Kópavogur


Margrét Vala Marteinsdóttir, Hafnarfjörður

Gunnar Valur Gíslason, Garðabær

Örvar Jóhannsson, Mosfellsbær

Ragnhildur Jónsdóttir, Seltjarnarnes

## Stjórnskipan



## Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn sitja:

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri

Sigríður Harðardóttir, sviðstjóri mannauðs- og gæðamála

Ingvar Hjaltalín, sviðsstjóri rekstrarsviðs

## Lög, reglur og tilmæli

Strætó starfar á grundvelli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í kafla 2 og 3 í stofnsamningi er nánari útlistun á stofnendum, eigendahlutföllum og stjórnskipulagi. Samkvæmt gr. 3.4 í eigendastefnu eiga stjórnarhættir að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum.

Stjórnarmenn skulu í störfum sínum fylgja lögum, eigendastefnu og starfsreglum stjórnar sem og sannfæringu sinni, gæta almannahagsmuna og hagsmuna byggðasamlagsins. Eigendastefna er aðgengileg á vefsíðu Strætó.

Einnig eiga eftirfarandi lög og reglur við um rekstur Strætó: Lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, og reglugerð um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Framsetning stjórnarháttayfirlýsingar 2022 er með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út 1. júlí 2021 (6.útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, <https://leidbeiningar.is>

# Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

Strætó uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að frátöldum kafla 1 sem fjallar um hluthafa og hluthafafundi, þar sem það á ekki við um félagið. Einnig hefur ekki verið gerð starfskjarastefna, né starfskjaranefnd skipuð. Stefna um sjálfbærni og fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur samkvæmt grein 2.9 hefur ekki verið skráð.

Strætó hefur sett sér ítarlegar starfsreglur, siðareglur og stefnumörkun sem hægt er að finna á heimasíðu Strætó. Helstu stefnur eru:

Innkaupastefna  
Jafnlaunastefna  
Jafnréttisstefna  
Mannauðsstefna  
Stefna Strætó gegn einelti, áreitni og ofbeldi  
Persónuverndarstefna  
Þjónustustefna  
Umhverfisstefna  
Öryggisstefna

## Innra eftirlit og áhættustjórnun

### Innra eftirlit

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og áhættustjórnunar, það sé skjalfest og virkni þess sannreynd reglulega. Innra eftirlit skal veita hæfilega vissu um; að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins; áreiðanleika og réttmæti fjárhagsupplýsinga sem veittar eru ytri aðilum og fylgt sé lögum og reglum sem gilda um starfsemi. Við uppbyggingu á innra eftirliti er tekið mið af ramma COSO, sem er alþjóðlegur viðurkenndur rammi um innra eftirlit.

# Stjórnarháttayfirlýsing (óendurskoðað)

## Áhættustjórnun

Áhættustjórnun er ferli til að greina og mæla þá áhættuþætti sem komið geta í veg fyrir að félagið nái settum markmiðum.

Árlega skilgreinir Strætó þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við og skilgreinir viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir. Strætó flokkar áhættuþætti sína í eftirfarandi:

- **Kjarnaáhætta:** Fylgir kjarnastarfsemi eins og hún er skilgreind í eigendastefnu Strætó, þ.e. að „starfrækja almenningssamgangnaþjónustu á svæði eigenda sinna með samræmdu leiðakerfi og gjaldskrá.“
- **Fjárhagsleg áhætta:** sem skiptist í eftirfarandi undirflokkar: markaðsáhætta, þ.e. áhrif markaðssveiflna á fjárhagslegan styrk Strætó. Lausafjáraáhætta, þ.e. geta Strætó til að mæta rekstrarútgjöldum, standa undir greiðslubyrði lána, sinna reglulegu viðhaldi, endurnýja vagnafloata og ráðast í aðrar nauðsynlegar fjárfestingar. Mótaðilaáhætta, þ.e. áhrif hugsanlegra vanskila viðskiptavina á félagið, t.d. að eigendur og viðskiptamenn hafi fjárhagslega burði til að standa við skuldbindingar sínar við Strætó.
- **Rekstraráhætta:** sem felur í sér áhættu vegna taps af ófullnægjandi eða gölluðum innri kerfum, vegna starfsmanna eða vegna ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu. Um er að ræða áhættu sem tengist starfsmönnum, ferlum og kerfum.

Til að tryggja að reikningsskil Strætó séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur félagið skilgreint ábyrgðasvið, eðlilega aðgreiningu starfa, skýrar verklagsreglur og verkferla og er með reglulega skýrslugjöf. Reglulegt eftirlit með afkomu og fylgni við samþykka fjárhagsáætlun. Fjármálasvið leggur ársfjórðungslegt uppgjör fyrir stjórn.

## Reikningsskil og endurskoðun

Fjármálasvið Strætó sér um gerð reikningsskila og birtir uppgjör sín ársfjórðungslega. Endurskoðunarnefnd tekur ársreikning félagsins til skoðunar og gefur stjórn álit sitt á reikningsskilunum sem samþykkir og undirritar. Meginhlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun og áhættustjórnun. Ytri endurskoðandi félagsins er Grant Thornton endurskoðun ehf.

## Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar fyrir Reykjavíkurborg og dótturfyrirtæki hennar. Nefndina skipa Lárus Finnbogason, löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, Einar S. Hálfánarson, lögmaður og löggiltur endurskoðandi og Sunna Jóhannsdóttir viðskiptafræðingur.

## Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er skipuð af stjórn og heyrir beint undir hana. Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Strætó. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnaráhættu. Innri endurskoðandi er Deloitte ehf.

# Undirritunarsíða

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Magnús Örn Guðmundsson

Alexandra Briem

Andri Steinn Hilmarsson

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Jón Sturla Jónsson